

Samþykkt var frumvarp ríkisstjórnarinnar þann 16. maí sl. sem heimilar einstaklingum að ráðstafa séreignarsparnaði inn á húsnæðislán eða til húsnæðissparnaðar.

Ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán

- ✓ Ráðstöfunin er skattfrjáls og gildir fyrir iðgjöld greidd af launum á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017.
- ✓ Skilyrði er sett fyrir því að lánin séu tryggð með veði í íbúðarhúsnæði sem og að vaxtagjöld af þeim séu grundvöllur útreiknings, fært reit 5.2 í skattframtali .
- ✓ Einstaklingur getur greitt að hámarki kr. 500.000 á ári. Takmarkast framlag launþega við allt að 4% en þó aldrei hærra en kr. 333.000 á ári. Fyrir einstaklinga takmarkast framlag launagreiðanda við allt að 2% en þó aldrei hærra en kr. 167.000 á ári.
- ✓ Hjón eða einstaklingar sem uppfylla skilyrði til samsköttunar, geta greitt að hámarki kr. 750.000 á ári. Framlag launþega takmarkast við allt að 4% en þó aldrei hærra en kr.500.000 á ári. Framlag launagreiðanda takmarkast við allt að 2% en þó aldrei hærra en kr. 250.000 á ári.

Húsnæðissparnaður

- ✓ Aðilar sem ekki eiga íbúðarhúsnæði geta nýtt séreignarsparnað skattfrjálst til kaupa á húsnæði til eigin nota.
- ✓ Frestur til að nýta séreignarsparnað til íbúðarkaupar er til 30. júní 2019 og gildir fyrir iðgjöld greidd af launum á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30.júní 2017.
- ✓ Skilyrði er sett að viðkomandi hafi ekki átt fasteign 1. júlí 2014 og fram að þeim tíma er sótt er um ráðstöfun séreignarsparnaðar. Jafnframt þarf húsnæðið sem um ræðir að vera til eigin nota.
- ✓ Umsókn gildir frá þeim tíma er hún berst en berist hún fyrir 1. september 2014 getur hún gilt frá 1. júlí 2014